

Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði, fimmtudaginn 7. nóvember klukkan 17:30.

Mætt eru: Þorsteinn, Einar, Kristlaug, Þorgerður, Óskar, Edda Kamilla mætti klukkan 17:48.

Boðuð forföll: Sigurður

Mættu ekki: Guðrún og Svanbjört

Fundur númer 728.

1. Fundur settur
Óskar setti fundinn klukkan 17:35.
2. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð síðasta fundar skoðast samþykkt.
3. Innsend bréf
 - a. Frá ÍSÍ, dagsett 4. október þar sem athygli er vakin á nýrri grein í lögum ÍSÍ vegna XXII. kafla almennra hegningarlaga.
 - b. Frá UMFÍ, dagsett 11. október – umsögn laganefndar vegna breytinga á lögum UMSE sem að gerðar voru á ársþingi UMSE í mars sl.
 - c. Frá ÍSÍ, dagsett 24. október – Formannafundur ÍSÍ sem haldinn verður 29. nóvember í íþróttamiðstöðinni í Laugardal – Óskar fer.
 - d. Frá Umf. Svarfdælum, dagsett 24. október – umsókn um ULM 2017 – tekið með lið 5.
 - e. Frá HSK, dagsett 29. október – Afmælisgjöf vegna 100 ára afmælis ÍSÍ. Lagt fram til kynningar.
 - f. Frá ÍSÍ, dagsett 31. október – ósk um gögn vegna eftirlitsskyldu, athuga á hvort að hægt sé að framkvæma eftirlitið hér í húsi, annars verða gögnin send suður.
4. Styrkumsóknir
 - a. Landsmótssjóður UMSE 2009.
 - i. Barna og unglingaráð Umf. Svarfdæla, Dalvík. Fræðslufundur 75.000.- kr. Þetta er fræðslufundur sem að er fyrir foreldra barna af erlendu bergi brotnu. Þetta verður núna í byrjun nóvember.
 - ii. Frjálsíþróttadeild Umf. Svarfdæla, Dalvík. Námskeiðskostnaður 75.000.- kr.
 - iii. Hestamannafélagið Funi. Uppbygging á nýrri keppnisgrein 100.000.- kr. Þessi keppnisgrein er þekkt innan FIFE, keppnisgrein í þrautabraut.
 - iv. Umf. Samherji. Kynningarbæklingur 75.000.- kr. Kynningarbæklingar um starfsemi félagsins.
5. Umsókn um ULM 2017
Stjórn Umf. Svarfæla óskar eftir því við stjórn UMSE að UMSE sækir um að halda Unglingalandsmót 2017 með Dalvík sem keppnisstað. Stjórn Umf. Svarfdæla er reiðubúin að koma að umsóknarferlinu auk Dalvíkurbyggðar.
Stjórn UMSE tekur jákvætt í erindið og samþykkir einróma að hefja umsóknarferlið.
 - a. Bókun Byggðarráðs Dalvíkurbyggðar um að fara í samstarf við Umf. Svarfdæla um uppbyggingu á gervigrasvelli auk uppbyggingar á frjálsíþróttastaði við aðalvöll og að stefnt verði að því að halda unglingalandsmót á Dalvík 2017, en þá verða 25 ár frá því að fyrsta unglingalandsmótið var haldið á Dalvík.
 - b. Fulltrúar í starfshóps vegna undirbúnings umsóknar
Þorsteinn og Edda verða fulltrúar í starfshópi vegna undirbúnings umsóknarinnar fyrir hönd UMSE. Þorsteinn ætlar að senda bréf á Dalvíkurbyggð og svarbréf á Umf. Svarfdæla.

6. Sambandsþing UMFÍ
 - a. Umfjöllun um þingið – rætt var um þingið sem að var haldið í Stykkishólmi dagana 11-13 október sl. Fjórir fulltrúar sátu þingið fyrir hönd UMSE.
 - b. Nýkjörin stjórn
Farið var yfir þá sem að voru kjörnir í stjórn UMFÍ.
7. Samningur við Samskip
Ekki hefur náðst á fulltrúa Samskips. Óskar kom með ný drög af samningnum, efnislega séð eru ekki athugasemdir um þennan samning og hann því klár til undirskriftar. Óskar mun ganga frá því máli.
8. Gæðavottun ÍSÍ fyrir íþróttahéröð – Þorsteinn fór á þennan vinnufund í síðustu viku. Góð vinna fór fram. Verður kynnt betur þegar þetta er alveg orðið klárt.
9. Bréf til Búnaðarsambandsins vegna skrifstofukostnaðar
Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir sameiginlegan skrifstofukostnað vegna aðstöðu UMSE hjá Búgarði, og þróun kostnaðarins síðastliðin fjögur ár. Þorsteini falið að vinna áfram drög að bréfi til Búnaðarsambandsins vegna sífellt hækkandi sameiginlegs kostnaðar.
10. Stefnumótun
 - a. Samandregnar upplýsingar úr gagnavinnu
Kynnt var sú vinna sem að komin er í stefnumótunarvinnunni.
 - b. Dagsetning fyrir vinnufund með sveitarfélögum
Stefnt að því að halda vinnufund í 9. Janúar með fulltrúum sveitarfélaganna og formannafund 23. janúar.
Sveitarfélagafundurinn verður haldinn á Búgarði og formannafundurinn verður haldinn út á Dalvík.
11. Glímukynning
Beðið er eftir svörum frá þeim sem á að kynna glímuna. Þorsteinn er með málið í vinnslu hjá sér.
Ef styrkurinn frá íþróttanefnd ríkisins fer ekki allur í glímukynninguna er stefnt á að halda fræðslu í tengslum við æfingarbúðir frjálsíþróttakrakka – frjálsíþróttanefnd falið að sjá um þetta.
12. Heimasíða – uppfærsla á upplýsingum
 - a. Edda Kamilla og Þorgerður ætla að fara yfir forsíðuna
Einar og Óskar ætla að fara yfir stjórnarsýslu
Kristlaug ætlar að fara yfir starfsemi og útgáfu
Stefnt á að gera heimasíðuna enn virkari og afla fregna af því sem er að gerast hjá aðildarfélagunum.
13. Úthlutun úr afreksmannasjóði
 - a. Þarf að auglýsa fyrir 15. nóvember og skilafrestur er 1. desember.
 - b. Umsóknareyðublað – Einar ætlar að líta á umsóknareyðublaðið og betrum bæta það og senda á Óskar og Steina.
 - c. Ný reglugerð var samþykkt á síðasta ársþingi – mikilvægt að vera búin að lesa nýju reglugerðina áður en til úthlutunar kemur.

Reyna á að senda umsóknir til stjórnarmanna áður en að úthlutun kemur þannig að stjórn geti kynnt sér umsóknirnar.

14. Önnur mál

- a. Verðlaunapeningar - hringt var frá Sigtryggi og Pétri, þau eru að fara að panta verðlaunapeninga að utan – frestað að svo stöddu.
- b. Desember fundur – föstudagurinn 13. desember. Óskar ætlar að bjóða heim til sín í veislusalinn, allir koma með eitthvað og leggja í púkk.
- c. Grjótglímufélagið – það náðist á Höllu, skrifstofustjóra ÍSÍ. Þetta mál hefur dregist vegna andláts forseta ÍSÍ og formaður laganevndarinnar tók við því embætti. Erfðilega hefur gengið að ná nýrri laganevnd saman til fundar. Þetta er þó nánast tilbúið og aðeins eftir að afgreiða gögnin formlega. Markmiðið er að öll þeirra mál verði orðin klár fyrir næsta ársþing UMSE.

15. Tilhögun næsta fundar

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 5. desember klukkan 17.
Einar ætlar að koma með veitingar.

16. Fundarslit

Fundi slitið 19:59.

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður